



Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um kolefnismerkingu á kjötvörur, 275. mál


Vísað er til erindis frá atvinnuveganefnd Alþingis, dagsett 15. mars 2019.

Ein af grunnkröfum neytenda er réttur til upplýsinga (the right to information). Neytendasamtökin hafa því, líkt og neytendasamtök víða um heim, barist fyrir því alla tíð að neytendur hafi, við kaup á vöru og þjónustu, aðgang að öllum þeim upplýsingum sem máli skipta. Á undanförunum áratugum hafa verið settar á fót ýmsar vottanir sem miða að því að upplýsa neytendur um umhverfisáhrif vöru og þjónustu og má þar helst nefna norræna umhverfismerkið Svaninn og opinberar vottanir fyrir lífræna ræktun.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum er ein mesta ógn sem mannkynið stendur frammi fyrir og eins og réttilega kemur fram í greinargerð með þingsályktuninni þarf að bregðast við af krafti og það strax. Kolefnisfótspor kjötframleiðslu er umtalsvert og því mjög þarft að neytendur gætu fengið upplýsingar um kolefnisfótspor kjöts sem og annarra matvæla. Útreikningar á kolefnisfótspori mats geta þó verið mjög flóknir og Neytendasamtökunum leggja áherslu á að einungis verði horft til viðurkenndra alþjóðlegra merkinga séu þær þá til.

Réttur til upplýsinga þýðir ekki einungis að neytendur eigi rétt á marktækum og áreiðanlegum upplýsingum. Neytendur eiga einnig rétt á vernd gagnvart röngum og misvísandi fullyrðingum. Merkingar sem ekki byggja á viðurkenndri aðferðarfræði og eru jafnvel án eftirlits þriðja aðila geta verið verri en engar. Neytendasamtökin fagna öllum aðgerðum sem miða að því að upplýsa neytendur um áhrif matvæla á umhverfið og hvetja til þess að skoðað verði hvort, og hvernig, hægt væri að kolefnismerkja kjöt og önnur matvæli þannig að réttur til upplýsinga sé tryggður.

Virðingarfyllst f. h. Neytendasamtakanna


Brynhildur Pétursdóttir
frkv.stjóri


Breki Karlsson
formaður